



Fundur haldinn 4. september 2002 kl. 12.00 í forsætisráðuneytinu. Mættir voru Ólafur Davíðsson, Jón Sveinsson, Steingrímur Ari Arason, Sævar Þór Sigurgeirsson, Skarphéðinn Berg Steinarsson og Guðmundur Ólason.

*1. Landsbanki Íslands hf.*

Benedikt Árnason mætti á fundinn.

Farið var yfir svör viðræðuhópa í framhaldi af bréfi nefndarinnar.

JS taldi að ekki væri ástæða til að útiloka hópa á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lægju. ÓD taldi nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir á þessu stigi til að meta bjóðendur.

Framhald:

Rætt var um hvernig farið yrði með verð og hvort leita ætti eftir beinum verðtilboðum. Hugmyndir um verð lágu ekki fyrir hjá Kaldbaki en nokkur ljóst hjá hinum hópunum. HSBC leggja áherslu á að fá nokkuð nákvæmar upplýsingar um verð á þessu stigi og slíkt væri nauðsynlegt við val á viðræðuaðila. Nefndarmenn voru einnig á því að mjög skamman tíma þyrfti til að gefa upp verð. Ákveðið var að óska eftir hugmyndum um staðgreiðsluverð frá öllum bjóðendum. SAA lagði áherslu á að fá fram eins bindandi tilboð og nokkur kostur væri og með sem minnstum fyrirvörum.

Rætt var framhald viðræðna. SAA lagði áherslu á að skilgreina þyrfti stærð eignarhlutar.

Dreift var drögum að bréfi til hópanna og ákveðið að gefa frest til kl. 18.00 nk. föstudag til að skila inn verðhugmyndum.

GÓ 5. september 2002